

Sonnetta

Um sumarkvöld ég sit við kræklótt tré
og sólfarsvindar strjúka rjóða vanga
mig undrar sífellt óræð lífsins ganga
og allt það sem hún lætur manni í té.

Ég þreyttur stari á gisnar gróðurvinjar
og gleymdar myndir birtast ein og ein
í minni sálu er engin hugsun hrein
og hjartakenndir tærar aðeins minjar.

Því allt var selt á lostans torgi og táls
og taumlaus girndin drekkir þínu sjálfi
í senn þú líkist kjölturakka og kálfi
sem kvoðan drekkir langt upp fyrir háls.

Þér bjargar engin andakt, von né trú
því allir breyttu á sama hátt og þú.

Valdimar Tómasson

Fundir og kvæðalagaæfingar

Fundarstaður Iðunnar er hinn sami og verið hefur að undanfögnu. Kvæðalagaæfingar fara fram á neðri hæð Gerðubergs en almennir skemmtifundir á efri hæðinni í stóra salnum. Bæði fundir og æfingar hefjast klukkan 20:00 og lýkur venjulega um 22:30. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér gesti fundina og æfingarnar líka, svo að sem flestir fái að kynnst því sem þar fer fram.

1. október, miðvikudagur	kvæðalagaæfing (niðri)
3. október, föstudagur	fundur (uppi)
5. nóvember, miðvikudagur	kvæðalagaæfing
7. nóvember, föstudagur	fundur
3. desember, miðvikudagur	kvæðalagaæfing
5. desember, föstudagur	jólafundur



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

107. tölublað – 29. árgangur

September 2008

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Haustið nálgast

Vetrarkvíði hefur lengi verið viðfangsefni skálda og hagarðinga þó minna hafi borið á því í seinni tíð. Sjálfsagt má skýra það með aukinni notkun rafmagns og þess tækniundurs sem ljósaperan er. Á sama hátt má telja að draugar, sem áður fyrr voru ættarfylgjur og kunningjar, hafi haft sig á brott vegna of mikillar lýsingar. Vafalaust hefur rímnakveðskapur fyrri alda verið mörgum tilhlökkunarefni þegar haustið nálgast og að sama skapi dregið úr þeim andans hrolli sem fylgdi myrkrinu. Stefán frá Hvítadal orti vísnaflökk um haustið undir þeim fallega hætti, vikhendu:

Haustið nálgast, hríð og vetrarrosinn,
senn er ekki sólar von,
senn er áin frosin.

Iðunnarfélagar hafa haldið í þá hefð að koma saman og kveða á vetrarkvöldum, þó alltof sjaldan sé, og nýta sér þannig fyrri tíma ráð við þunglyndi. Það má vera að ljósaperan hafi, þrátt fyrir allt, verið vanmetin í seinni tíð enda orðin svo sjálfsagður hluti í daglegu lífi að menn eru hættir að virða hana sem skyldi. Ætli Stefán frá Hvítadal hafi ekki haft annars konar ljós í huga þegar hann lýkur kvæðinu um haustið með þessari vísu:

Vetrarnóttin varla mun oss saka,
fyrst að ljósin ofan að
yfir mönnum vaka.

Vonandi eiga fleiri og fleiri eftir að átta sig á því hvað fundir Iðunnar eru ágætt meðal við vetrarkvíðanum og því er ástæða til að hvetja félagana til að bjóða gestum á fundina. Hittumst heil í Gerðubergi með ljóð á vör.

Formaðurinn

Kvæðamál

Hagyrðingar héldu landsmót að Smyrlabjörgum í Suðursveit 30. ágúst 2008 undir yfirskriftinni: *Bragaping á Smyrlabjörgum. Hér á eftir fer hrafl úr kveðskap Íðunnarfélaga við það tækifæri.*

Er við höldum austurveg
í átt að Smyrlabjörgum
ofankoman yndisleg
yljar býsna mörgum.
Sigurður Sigurðarson

Jón Ingvar hóf þulu sem ferðafélögum var gert að spinna við.

Bölvað víkurveðrið
vætir mann í gegn
lemja höfuðleðrið
löngum, stormur, regn.
Jón Ingvar Jónsson

Fýl á vegi förnum
fús við sveigðum hjá,
ella grút og görnum
gusað hefði sá.
Helgi Zimsen

Siggi er títt á tali
tungu laus við haft.
Kynnir drög og dali
er drottinn hefur skapt.
Sigrún Haraldsdóttir

Endalaust að yrkja
ei ég get né vil.
Vandi er að virkja
vit sem ekki er til.
Ragnar Böðvarsson

Úti er bragur aumi,
ekki syrgi ég það.
Tregur var í taumi
að tosast hér á blað.
Ragnar Böðvarsson

Ökum þvert og endilangt
yfir landið græna,
en útsýnið er eitthvað rangt
engin kindin væna.

Bændaþjóðar búsmalinn
best má sveitir prýða.
Lömb með hvíta lagðinn sinn
ljómi brattra hliða.

Bjargey Arnórsdóttir

*Sigmundur hvatti skáldin að láta
reyna á krafta sína og kyngi og
yrkja burt rigninguna á hina gulu
miða sem dreift var í rútunni.*

Látum geisla andans iða
Sem örvar glóð í frjóum muna,
Gerði ljóð á gulan miða
sem getur stöðvað rigninguna.

Helgi Rímsen orti þá:

Grenjið ekki gráu ský,
geymið ykkar vætu
svo að birtist senn á ný
sól með vonarglætu.

Regnskúrir við Múlakvísl

Skýjahula gríðar grá
grúfir yfir landi.
Regnið bálreitt bylur á
blautum eyðisandi

Sigrún Haraldsdóttir

*Jóni Ingvari Jónssyni fannst Sigrún
Haraldsdóttir hafa sig lítt í frammi
og eggjaði hana til dáða. Sigrún
svaraði:*

Efalítið flestum finnst
fátt ég hafa að segja.
Einkanlega vel mér vinnst
við þann starfa að þegja.

Niðurbrotin, súr og svekkt
um Suðurland ég góni.
Því fátt ég skapa skemmtilegt
í skugganum af Jóni.

Guðjón Weihe fylltist óðarmóði og orti:

Hellið öli í hagyrðing
hann mun brosa allt um kring.
Ljúfur kveða ljóðin slyng
lista vel í odd og hring.

Eldur rauður, aska grá og eiturmóða,
yfir landið lagðist forðum.
Lýsa má því vart í orðum.

Síðan liðu ótal ár og aftur vaknar,
lífið úti á auðnarlöndum,
úfnu hrauni, gráum söndum.

Ragnar Böðvarsson

Ýmsir bera sorg og sút
Svo mun tíðin ganga.
Karl hefur margan kreppt í hnút
konuríkið stranga.

Jói í Stapa